

Nefndasvið Alþingis,
Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. apríl 2017
2017030023/42-1-3
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða 207. mál

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 15. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða 207. mál.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við þá virkjunarkosti sem eru settir í biðflokk og verndarflokk skv. framangreindri tillögu og er samræmi á milli tillögunnar og afgreiðslu verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar. Hvað varðar nýtingarflokk gerir Náttúrufræðistofnun athugasemd við að setja Austurengjar í nýtingarflokk. Í rökstuðningi fyrir flokkun Austurengja segir: „*Vegna samlegðaráhrifa ber því að skoða ráðstöfun Austurengja í samhengi við afdrif svæðisins i grennd við Trölladyngju. Af þessum sökum er ekki talið réttlætanlegt að ráðstafa báðum þessum virkjunarkostum án þess að leggja nýtt mat á þau áhrif sem ráðstöfun annars svæðisins hefur á verðmæti hins.*” Samkvæmt þessum rökstuðningi ætti að setja bæði Austurengjar og Trölladyngju í biðflokk þar til búið væri að fara nánar yfir nýtingu og vernd þessara svæða og eðlilegast væri að meta öll háhitavæðin í og við Krýsuvík með sama hætti. Með því að ráðstafa öðrum kostinum er í raun búið að koma í veg fyrir að hægt sé að leggja nýtt mat á svæðin og þar með gildir framangreindur rökstuðningur ekki lengur. Auk þess virðist sem að búið sé að breyta skilgreiningum á svæðum í Krýsuvík m.a. þannig að t.d. Austurengjahver sem í 2. áfanga rammaáætlunar var á svæðinu Austurengjar¹, fellur nú undir Sveifluhálssvæðið². Þetta þýðir að það svæði sem nú er kennt við Sveifluháls og flyst úr 2. áfanga rammaáætlunar er ekki það sama og áður og heldur ekki Austurengjar. Það þarf því að skoða hvort rétt sé að þessu staðið.

1. NÍ-09012 bls. 68, <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2009/NI-09012.pdf> og einnig kortahefti http://utgafa.ni.is/skyrslur/2009/NI-09012_kortahefti.pdf kortablað 3 Krýsuvík.

2. <http://os.is/gogn/Rammaetlun/2015-01-20/Kafli-7-15-R3267A-Austurengjar-Krysuvik.pdf> sjá bls. 9.

Virðingarfyllst


Jón Gunnar Ottósson
forstjóri


Trausti Baldursson

